

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

LJÓSRIT

Mál nr. 9919/2018

Reykjavík, 29. desember 2020

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Ég vísa til fyrri bréfaskipta í tilefni af kvörtun Félags atvinnurekenda yfir 8. gr. reglugerðar nr. 803/2018, um tilkynningar til Neytendastofu um markaðssetningu rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín.

Eins og kemur fram í bréfi mínu til félagsins, sem fylgir þessu bréfi, hef ég lokið athugun minni á kvörtun þess með vísan til a-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Hins vegar tel ég ástæðu til að koma á framfæri ábendingum í tilefni af athugun umboðsmanns á málinu og þá með það í huga að framvegis verði tekið tillit til þeirra í störfum ráðuneytisins.

Í bréfi mínu til félagsins vík ég að því að ekki verði annað ráðið af gögnum málsins en að Neytendastofa taki sama gjald að fjárhæð 75.000 krónur hvort sem tilkynning samkvæmt 14. gr. laga nr. 87/2018 varði rafrettu og undirhluti hennar eða aðeins undirhlut sem hafi ekki verið tilkynntur áður. Svo sem ég fjalla nánar um í bréfinu getur verið heimilt samkvæmt meginreglum stjórnisýsluréttar að ákveða fjárhæð gjalds út frá traustum útreikningum eða áætlunum á kostnaði sem almennt hlýst af því að veita þjónustu. Aftur á móti er einnig gengið út frá að eftir því sem unnt er geti þurft að ákvarða gjöld sérstaklega fyrir ólíka flokka eða tegund þjónustu, þegar svo ber undir, því ella væru sumir látnir greiða gjald sem væri herra en næmi kostnaði við að veita þeim þjónustuna.

Þegar tekið er tillit til þeirra kostnaðarliða, sem heimilt er að líta til við ákvörðun umrædds gjalds, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, og þegar haft er í huga hvert er markmið með því að Neytendastofa komi að markaðssetningu rafrettna eða áfyllinga hér á landi samkvæmt lögnum tel ég ekki óvarlegt að ætla að munur geti verið á kostnaði sem fellur til hjá stofnuninni eftir efni umræddra tilkynninga, til dæmis eftir því hvort þær varði rafrettu ásamt undirhlutum eða aðeins einn undirhlut. Því minni ég að eftir því sem unnt er að draga mörk á milli ólíkra tilkynninga, að því marki sem áhrif hefur á kostnað

sem almennt fellur til hjá Neytendastofu við afgreiðslu þeirra, getur verið rétt að mismunandi kostnaður vegna ólíkra tilkynninga endurspeglis í fjárhæð þjónustugjalds.

Við athugun á þessu máli varð ég þess einnig var að forsendur Neytendastofu að baki ákvörðun gjalds samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 803/2018 taka að því er virðist vera að nokkru marki mið af stofnkostnaði eða föstum kostnaði sem tengist þeim verkefnum sem varða 14. gr. laga nr. 87/2018. Þótt ég telji ekki næga ástæðu til að fjalla nánar um þetta atriði í tilefni af kvörtun Félags atvinnurekenda, sbr. bréf mitt til félagsins, vakti það athygli mína að þess sjást ekki merki í gögnum málsins að ráðuneytið hafi í samskiptum við Neytendastofu gert framangreint að umfjöllunarefni. Ég fæ ekki annað séð en að það hefði verið í betra samræmi við reglur um töku þjónustugjalda að óvissa um að hvaða marki Neytendastofa miðaði tillögu sína um fjárhæð gjaldsins við stofnkostnað hefði verið skýrð áður en reglugerðin var sett 31. ágúst 2018.

Þessu tengt nefni ég að almennt verða fullnægjandi forsendur að baki ákvörðun þjónustugjalds að liggja fyrir áður en ákvæði um töku gjaldsins taka gildi. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ráðuneytið hafi ekki haft fullnægjandi upplýsingar þar að lútandi áður en ráðherra setti reglugerð nr. 803/2018. Úr þessum annmarka hefur að nokkru verið bætt eftir að reglugerðin tók gildi og þá að hluta vegna þess að ráðuneytið brást við erindum Félags atvinnurekenda með því að óska eftir nánari upplýsingum frá Neytendastofu. Þrátt fyrir það tel ég ástæðu til að áréttta að það hefði verið í betra samræmi við meginreglur stjórnarsýsluréttar um töku þjónustugjalda ef ákvörðun gjaldsins hefði verið reist á traustari grundvelli í ágúst 2018.

Eins og ég nefni í bréfi mínu til Félags atvinnurekenda er boðuð endurskoðun ráðuneytisins á töku gjaldsins meðal ástæðna þess að ég hef ákveðið að ljúka athugun minni á málinu. Ég vænti þess að framangreind atriði sem ég hef hér gert að umfjöllunarefni verði höfð til hliðsjónar í þeirri vinnu. Jafnframt óska ég þess sérstaklega að umboðsmaður Alþingis verði upplýstur um afrakstur endurskoðunar á gjaldinu eigi síðar en 1. mars 2021 og þá hvort og þá hvaða áhrif framangreind atriði hafi haft í þeim efnun.

Virðingarfyllst,


Bjartan Bjarni Björnsósson